



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017, 1.-4. gr.

Málshæiti og nr.	MAR23101178 Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum um opinberar stofnanir (framkvæmd stjórnarsýslu og eftirlits).
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Matvælaráðuneyti/skrifstofa sjávarútvegs
Innleiðing EES-gerðar?	<input type="checkbox"/> Já <input checked="" type="checkbox"/> Nei
Dags.	16. nóvember.2023

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga máls og tilefni

A. Lög nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði.

Með lögum nr. 81/2008 var gerð breyting á 4. gr. laga nr. 61/2006, var kveðið á um að stjórnarsýsla veiðimála á sviði lax- og silungsveiði, fiskræktar og annarra laga sem varða ferskvatnsfiska skuli vera á sérstöku sviði Fiskistofu sem nefnist lax- og silungsveiðisvið og að það skuli einnig hafa eftirlit með því að framfylgt sé ákvæðum laga á því sviði. Er þannig gert ráð fyrir að þetta svið annist alla stjórnarsýslu á sviði veiðimála samkvæmt lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði nema á annan veg sé mælt í lögum. Þá er þar gert ráð fyrir að fiskistofustjóri ráði sérstakan sviðsstjóra yfir lax- og silungsveiðisviðið sem skal hafa háskólapróf sem nýtist honum í starfi og heyra undir fiskistofustjóra.

Ekki þykir ástæða til að binda þetta svið og heiti stjórnanda þess í lögum frekar en gildir um önnur svið Fiskistofu heldur þykir rétt að fiskistofustjóri sem stýrir stofnuninni ákveði hvaða svið skuli vera hjá stofnuninni og hvernig þeim skuli stýrt, hver skuli vera heiti stjórnanda þeirra og hvaða verkefni þau fara með.

Með vísan til framanritaðs er lagt til að fyrirsögn ákvæðisins breytist og verði Stjórnarsýsla og eftirlit. Einnig er lagt til að ákvæði 1. mgr. 4. gr. laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði breytist og verði svohljóðandi: „Framkvæmd stjórnarsýslu og eftirlits samkvæmt lögum þessum skal vera hjá Fiskistofu“ og að 2. og 3. málsl. ákvæðisins falli brott.

B. Lög nr. 112/2015, um Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna.

Með lögum nr. 112/2015, voru sett ný lög um starfsemi Hafrannsóknastofnunar, sem starfaði samkvæmt lögum nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna og Veiðimálastofnunar, sem starfaði samkvæmt lögum nr. 59/2006, um Veiðimálastofnun, þegar þessar tvær stofnanir voru sameinaðar í eina stofnun, Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna.

Í 3. gr. laga nr. 112/2015 er svohljóðandi ákvæði: „Ráðherra skipar forstjóra Hafrannsóknastofnunar, rannsókn- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa háskólamenntun á verkefnasviði stofnunarinnar.“

Ekki þykir ástæða til að lögbinda að forstjóri skuli hafa háskólamenntun á sviði stofnunarinnar heldur þykir rétt að hafa ákvæðið á þann veg að einnig sé heimilt að skipa forstjóra með aðra menntun sem nýtist í starfi.

Er það í samræmi við stjórnendastefnu ríkisins eins og hún er sett fram á vefsíðu fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

2. Hvert er úrlausnarefnið?

- A. Lög nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði.
 Að breyta ákvæði í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, á þann veg að ekki verði lengur lögbundið að framkvæmd stjórnslu og eftirlits samkvæmt lögunum og öðrum lögum á sviði ferskvatnsmála skuli vera á sérstöku sviði sem nefnist lax- og silungsveiðisvið. Einnig að fella brott ákvæði um að fiskistofustjóri ráði sviðsstjóra til að stýra því sviði, að hann skuli hafa háskólapróf sem nýtist honum í starfi og heyra undir fiskistofustjóra.
 Þess í stað verði lögfest ákvæði í 1. mgr. 4. gr. laganna um að framkvæmd stjórnslu og eftirlits verði hjá Fiskistofu. Einnig verður gert ráð fyrir að fiskistofustjóri sem stýrir stofnuninni, sbr. 3. gr. laga nr. 36/1992, um Fiskistofu, ákveði hvaða svið skuli vera hjá stofnuninni og hvernig þeim skuli stýrt, hver skuli vera heiti stjórnenda þeirra og hvaða verkefni þau fara með. Þannig mun fiskistofustjóri ákveða undir hvaða svið stofnunarinnar stjórnslu og framkvæmd eftirlits á sviði ferskvatnsmála skuli falla.
- B. Lög nr. 112/2015, um Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna.
 Að breyta ákvæði 3. gr. laganna á þann veg að fella brott ákvæði 2. másl. 1. mgr. 3. gr. um að forstjóri Hafrannsóknastofnunar skuli hafa háskólamenntun á verkefnasviði stofnunarinnar. Ekki þykir ástæða til að lögbinda að forstjóri skuli hafa háskólamenntun á verkefnasviði stofnunarinnar heldur þykir rétt að hafa ákvæðið á þann veg að einnig sé heimilt að skipa forstjóra með aðra menntun sem nýtist í starfi.

3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Gildandi löggjöf dugir ekki til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt með frumvarpinu en verði ekki gerðar þær lagabreytingar sem lagðar eru til verða áfram í gildi þau lagaákvæði sem lagt er til að felld verði brott úr frumvarpinu.

B. Markmið

Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki og markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda

Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda er að breyta lögum um starfsemi Fiskistofu þannig að skipulag stofnunarinnar sé meira á hennar eigin forræði og að fiskistofustjóri geti sjálfur ákveðið skipulag stofnunarinnar og hagað því á sem árangursríkastan hátt varðandi skiptingu og umfang verkefna.

Einnig er með frumvarpinu stefnt að því að starfsgengisskilyrði forstjóra Hafrannsóknastofnunar verði með svipuðum hætti og gildir um aðra forstöðumenn ríkis og stofnana þess og í samræmi við stjórnendastefnu ríkisins sem birt er á vef fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

C. Leiðir

1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?

Áfram verða í gildi þau ákvæði sem áformað er að fella brott úr frumvarpinu en þau hafa að geyma tilteknar takmarkanir á starfsemi Fiskistofu og Hafrannsóknastofnunar sem þykir rétt að fella úr gildi

2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið

Ákvæði laganna um starfsemi lax- og silungsveiðisviðs Fiskistofu og starfsgengisskilyrði forstjóra Hafrannsóknastofnunar eru að efni til með þeim hætti að önnur úrræði s.s. setning reglugerðar kemur ekki til álita.

3. Mögulegar leiðir við lagasetningu

Gera þarf breytingu á lagaákvæði 4. gr. laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði og 3. gr. laga nr. 112/2015, um Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna til að ná fram ofanrituðu markmiði.

D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?

<p>1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni Áformað er að breyta lögum á þann veg að fella brott ákvæði um lax- og silungsveiðisvið Fiskistofu sem er lögbundið í 4. gr. laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði. Einnig er áformað að fella brott ákvæði í 3. gr. laga nr. 112/2015, um Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna, þar sem kemur fram að forstjóri Hafrannsóknastofnunar skuli hafa menntun á verkefnasviði stofnunarinnar. Sjá nánar A2.</p> <p>2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott Fyrirhugað er að breyta lögum nr. 61/2006 á þann veg að ekki verði lögbundið að lax- og silungsveiðisvið skuli vera starfandi hjá Fiskistofu eða að skylt sé að skipa sérstakan sviðsstjóra með tiltekna menntun yfir það svið sem skuli heyra undir fiskistofustjóra. Einnig er fyrirhugað að fella brott það skilyrði fyrir skipun í embætti forstjóra Hafrannsóknastofnunar að hann skuli vera menntaður á verkefnasviði stofnunarinnar heldur komi einnig til greina önnur menntun sem nýtist í starfi.</p>
<p>E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar</p> <p>1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga? Nei</p> <p>2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu? Nei</p> <p>3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til? Nei.</p>
<p>F. Samráð</p> <p>1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar? Fiskistofa, Hafrannsóknastofnun, veiðifélög o.fl.</p> <p>2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta? Nei</p> <p>3. Samráð sem þegar hefur farið fram Samráð hefur ekki farið fram.</p> <p>4. Fyrirhugað samráð Fyrirhugað samráð verður í gegnum Samráðsgátt stjórnvalda. Áform um lagasetningu sem og frummat á áhrifum lagasetningar verða birt í samráðsgátt. Þá er fyrirhugað að birta drög að frumvarpi í samráðsgátt þegar þau liggja fyrir.</p>
<p>G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er</p> <p>1. Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal Áhrif óveruleg, sbr. niðurstöðu frummats.</p>
<p>H. Næstu skref, innleiðing</p> <p>1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmíðina? Já, fylgt verður leiðbeiningum um vandaða löggjöf frá Stjórnarráði Íslands.</p> <p>2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar? Með endurskipulagningu á starfsemi Fiskistofu þar sem starfsemi lax- og silungsveiðisviðs verður endurskoðuð í samræmi við ákvæði laganna og umfang starfseminnar miðað við aðra starfsemi og önnur svið Fiskistofu. Ákvæði um að fella brott ákvæði í 3. gr. laga nr. 112/2015 kemur ekki til framkvæmda fyrr en skipunartíma núverandi forstjóra Hafrannsóknastofnunar er lokið, þ.e. á árinu 2026.</p> <p>3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur? Að fiskistofustjóra verði heimilt samkvæmt lögum að skipuleggja starfsemi Fiskistofu miðað við eðli og umfang þeirra verkefna sem eru á verksviði stofnunarinnar. Einnig að heimilt verði samkvæmt lögum að skipa forstjóra Hafrannsóknastofnunar á grundvelli laga og reglna sem eru með svipuðum hætti og gildir um aðra forstöðumenn ríkis og stofnana þess og í samræmi við stjórnendastefnu ríkisins sem birt er á vef fjármála- og efnahagsráðuneytisins.</p>

4. Mælikvarðar á árangur og útkomu

Starfsemi Fiskistofu og Hafrannsóknastofnunar eftir þær breytingar sem gerðar verða á starfsemi stofnananna með lögunum.

5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur?

Það verður gert við endurskoðun og mat á starfsemi Fiskistofu þegar lagasetning hefur tekið gildi. Einnig þegar embætti forstjóra Hafrannsóknastofnunar verður auglýst að loknum skipunartíma núverandi forstjóra stofnunarinnar.

I. Annað

Ekki verður séð að frumvarpið hafi önnur áhrif. .

J. Fylgiskjöl

1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað
2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum